

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
nefndasvið@althingi.is

Reykjavík 16. maí 2023

Efni: Umsögn um frumvarp að breytingu á raforkulögum (Raforkueftirlitið), 983. mál.

Elma orkuviðskipti ehf. (Elma) fagnar áformum stjórnvalda um að tryggja betur sjálfstæði Raforkueftirlitsins og er frumvarpið jákvætt skref í þá átt. Í þeim tilgangi að skýra enn fremur valdheimildir Raforkueftirlitsins og ramma inn hlutverk þess í tengslum við raforkuviðskipti telur Elma þarft að bæta við ákvæðum sem leggja bann við markaðssvikum og kveða á um skyldu til opinberrar birtingar innherjaupplýsinga.

Elma er einkahlutafélag, alfarið í eigu Landsneta, sett á laggirnar í október 2022 í þeim tilgangi að setja á fót virkan heildsölumarkað fyrir raforku. Allt frá setningu raforkulaga árið 2003 hefur verið í lögum sérstök heimild fyrir flutningsfyrirtæki raforku samkvæmt raforkulögum til þess að reka raforkumarkað og í aðdraganda stofnunar Landsnets hf. var þessa einnig getið sérstaklega í lögum um stofnun Landsnets nr. 75/2004. Markmið raforkumarkaðar er að stuðla að heilindum og trausti á heildsölumarkaði. Skipulegt markaðstorg styður við markmið nýrrar orkustefnu, aðgerðaráætlun hennar og tillögur í stöðuskýrslu orkumálaráðuneytis frá 2022 með því að verðmyndun verður eðlileg og gagnsæ, aðgengi framleiðenda að markaði eykst og stuðlar að aukinni nýsköpun. Þá skapar skipulegur markaður svigrúm fyrir þátttakendur til endursölu orku sem ekki er nýtt, en aukinn sveigjanleiki styður við orkuöryggi og stuðlar að hagkvæmari nýtingu raforku. Það er mikilvægt að rekstraraðili skipulegs markaðar eigi í nánú samstarfi við Raforkueftirlitið um eftirlit með markaði þannig að tryggja megi eðlilega verðmyndun á markaði og eðlilega starfshætti á heildsölumarkaði.

Markmið frumvarpsins er að innleiða þau ákvæði í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku. Skyldur og valdsvið eftirlitsyfirvalds, hér Raforkueftirlitsins, samkvæmt 37. gr. tilskipunarinnar eru margvísleg og ná meðal annars til raforkuviðskipta sem nánar er fjallað um í V. kafla raforkulaga. Í því samhengi er rétt að vekja sérstaka athygli á skyldur eftirlitsyfirvalds sem tengjast eftirliti með háttsemi og gagnsæi á orkumarkaði. Þannig hvíla annars vegar skyldur á eftirlitsaðila að fylgjast með gagnsæi og tryggja reglufylgni, samkvæmt i. lið 1. töluliðs 37. gr. tilskipunarinnar og hins vegar ber eftirlitinu

skylda að fylgjast með umfangi og skilvirkni markaðsopnunar og samkeppni á heildsölu- og smásöllumarkaði. Raforkueftirlitinu er ætlað að framkvæma athuganir á starfsemi raforkumarkaða og að taka ákvarðanir og eftir atvikum grípa til nauðsynlegra og hóflegra aðgerða, eftir atvikum í samvinnu við samkeppnisyfirvöld, til að stuðla að virkri samkeppni og tryggja að markaðurinn starfi eðlilega. Forsenda þess að markaður starfi eðlilega er traust. Þátttakendur á markaði verða að geta treyst því að allir sitji við sama borð hvað varðar aðgengi að upplýsingum á markaðinum og þær upplýsingar sem veittar eru séu réttar og nákvæmar.

Elma bendir á að raforkulög fjalla ekki um háttsemi aðila á orkumarkaði né gagnsæi. Í V. kafla raforkulaga sem fjallar um raforkuviðskipti er fjallað um leyfisbindingu raforkusölu, skilyrði fyrir leyfi, skyldur leyfishafa og orkusölusamninga. Í engu er fjallað um heilindi sem er grundvöllur þess að traust ríki á íslenskum orkumarkaði. Í evrópska regluverkinu gildir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1227/2011 frá 25. október 2011 um heilindi og gagnsæi heildsöllumarkaðar með rafmagn (REMIT). REMIT-regluverkið hefur ekki verið tekið upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samninginn) og ekki verið innleitt í íslenskan rétt. Markmið REMIT er að stuðla að trausti á orkumarkaðinum. Er það gert með því annarsvegar að kveða á um upplýsingaskyldu vegna innherjaupplýsinga í 4. gr. reglugerðarinnar. Markmiðið er að tryggja jafnt aðgengi að verðmótandi upplýsingum á markaði. Nær hún til allra markaðsaðila. Hins vegar er það gert með því að banna markaðssvik, í 3. og 5. gr. reglugerðarinnar, sem minnkar líkur á að aðilar notfæri sér óopinberar verðmótandi upplýsingar á kostnað annarra á markaði og auka líkurnar á að upplýsingar sem liggja fyrir séu réttar og nákvæmar. Markaðssvik er hugtak sem nær yfir innherjasvik, ólögmetna miðlun innherjaupplýsinga og markaðsmisnotkun. Slík hegðun kemur í veg fyrir fullt og eðlilegt gagnsæi á markaði sem er meginforsenda jafnra samkeppnisskilyrða.

Í þeim tilgangi að skapa traust og setja ramma um eðlilega starfshætti á orkumarkaði, sem Raforkueftirliti er eins og fram er komið skylt að hafa eftirlit með og tryggja, er að mati Elma þarft að taka upp í V. kafla orkulaga ákvæði um háttsemi og gagnsæi á orkumarkaði.

Lýsir Elma sig reiðubúna til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

Virðingarfyllst,
f.h. Elma



Herdís Hallmarsdóttir, lögfræðingur